

Þorsteinn Pálsson:

Ræða í Jónshúsi í Kaupmannahöfn á Hátíð Jóns Sigurðssonar, sumardaginn fyrsta 23.04.15

Hugsjónir og peysuskapur

Við komum hér saman á þessum degi til að halda hátíð og veita verðlaun í nafni þess manns sem drýgstan skerf lagði til sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Vettvangur athafnarinnar er hvorki Hrafnseyri né Þingvöllur, heldur þetta yfirlætislaus hornhús við Austurvegg í Kaupmannahöfn.

Þeim sem ekki þekja til sögu Íslands myndi ugglaut þykja það kynlegt, ef þeir hefðu af því spurnir, að sjálf Alþingi Íslendinga veldi hús í höfuðborg annars sjálfstæðs og fullvalda lands til mannfundar af þessu tilefni. Að þessu leyti er Alþing smávegis ólíkt löggjafarsamkomum margra annarra ríkja.

Hitt er þó ekki síður einstakt við Alþingi að upp úr þaki þess rís konungsmerki löngu liðins Þjóðhöfðingja þess erlenda ríkis sem við gistum í dag. Ég þekki ekki önnur dæmi um að Þjóðþing einnar þjóðar sýni fyrrum herraþjóð slíkan sóma.

En sannleikurinn er sá að þetta gamla konungsmerki er hluti af sögu okkar. Það var sett á Alþingishúsið þegar við kölluðum það frelsishöll. Eins er með þetta hornhús hér. Það var beinlínis vagma frelsisbaráttunnar, en stóð samt í höfuðborg annarrar þjóðar.

Héðan streymdu hugmyndir nýs tíma í Evrópu yfir úfið haf alla leiðina heim til Íslands. Fyrir þá sök er þetta hús okkur kært. Að vísu er okkur ekki tamt að vísa til þess að sjálf vagma frelsisins hafi verið í útlandi. En þannig er það. Og við getum verið stoltir af því, Íslendingar.

Þessar smáu táknrænu þverstæður sýna í hina röndina að saga okkar og Dana var ekki aðeins samofin. Hitt er líka veruleiki að frelsisbarátta beggja, Dana og Íslendinga, spratt upp úr sama jarðvegi og nærðist í sömu lind, evrópskra hreyfinga fyrir lýðræði og mannréttindum.

Forystumenn þeirrar tíðar fyrir lýðfrelsi höfðu ekki að markmiði að nýta frelsið og sjálfsákvörðunarréttinn til að hlaða hærri múra milli ríkja. Hitt var keppikefli þeirra að rífa þá múra niður sem fyrir voru og færa þjóðirnar nær hver annarri með frjálsum viðskiptum og auknu samneyti á alla lund.

Þessi árlega hátíð sem kennd er við Jón forseta verður tæpast skilin á annan veg en hún eigi að vera táknmynd um þann vilja Alþingis að halda á lofti þeirri sögulegu sýn að aflvakinn að frelsi og sjálfstæði Íslendinga sé ekki aðeins sameiginlegur með Dönum heldur öðrum þjóðum Norðurálfunnar.

Þeir alþjóðlegu straumar sem sjálfstæðisbaráttan er vaxin af urðu til þess að helstu foringjar hennar litu ekki lengur á Ísland sem eyland í samfélagi þjóðanna. Þeir sáu Ísland fremur sem sjálfstæðan hluta þess fjölþjóða samfélags sem gaf okkur frelsishugmyndirnar. Þar ætti Ísland að eiga hlutverk, hafa réttindi og bera skyldur, í hlutföllum við stærð sína og merkan menningararf.

Yfir hugskotsdyrum þingmanna

Í þessu samhengi má í framhjálaupi minnst þess að á framhlið Alþingishússins, sjálfrar frelsishallarinnar, voru settir tveir litlir skildir þegar það reis. Annar með gamla danska skjaldarmerkinu. Hinn með því gamla íslenska; flatta þorskinum.

Þá þótti okkur sem dönsk yfirvöld væru að smána okkur, ekki með danska skjaldarmerkinu heldur flöttum þorski.

Stúdentar vildu rífa þorskinn af þinghúsinu. Og skáldið Steingrímur Thorsteinsson komst svo að orði um þennan þorsk: „Bróðir hans, hinn andlegi klippfiskur óþjóðernisins og peysuskaparins, mun hanga yfir hugskotsdyrum flestra þingmanna.“

Engu er líkara en bestu menn okkar hafi staðið í þeirri meiningu að þorskurinn væri ekki nógu virðulegur eða fínn í menningarsamfélagi þjóðanna.

Hannes Hafstein, fyrsti heimastjórnarráðherra, hafði ekki fyrr látið rífa þorskinn af þinghúsinu, í samræmi við hugsjónir stúdentsáranna, en þessi fiskur varð að fjárhagslegum fótum landsins í atvinnubyltingu nýrrar aldar.

Í dag finnst mönnum broslegt að leiðtogar sjálfstæðisbaráttunnar skuli hafa litið á þorskinn sem púkalega ímynd. Kannski var það rétt þá. En í flestra huga er hann nú, þvert á móti, tákn um efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar. Án hans væri fullveldið sannarlega minna virði.

Það væri ekki verri hugmynd en hver önnur að festa þessi gömlu skjaldarmerki aftur á framhlið Alþingishússins. Það myndi sýna að við skömmumst okkar hvorki fyrir söguna né það lifibrauð sem brúað hefur bilið milli okkar og fjarlæggra þjóða fremur en nokkuð annað.

Alltént væri meiri bragur að þess háttar ráðstöfun en að búa nú til sögu um eitthvað sem aldrei varð fyrir hundrað árum eftir gamalli skissu að klunnalegri þinghússviðbyggingu.

Sögulegt uppgjör

Fyrir réttum tveimur vikum var þess minnst hér í landi að þrjú aldarfjórðungar eru nú liðnir frá þeim myrka degi þegar nasistar hernámu Danmörku. Og í framhaldi einnig Noreg. Það er erfitt fyrir þá sem ekki lifðu þá tíma að skilja hvað í því felst að vera sviptur frelsi sínu. Enginn vill safna slíkri reynslu í sarp lífs síns.

Þau öfl höfðu þá náð völdum í Þýskalandi sem viku til hliðar þeirri sameiginlegu evrópsku hugsjón sem færði okkur og mörgum öðrum þjóðum frelsi og mannréttindi í nútímaskilningi. Efnahagsþrengingar í kjölfar kreppunnar miklu urðu jarðvegur til að misnota þjóðernishyggu í þeim tilgangi að kæfa þær hugsjónir.

Í þessum hildarleik stóðu Íslendingar svolítið þversum. Það lýsti sér best í því að Bretar sem öxluðu mesta ábyrgð og færðu mestar fórnir til að verja frelsið komust ekki hjá að byrja á því að hernema Ísland.

Ástæðan var ekki sú að Ísland skipaði sér við hlið þeirra sem stóðu fyrir því að svipta þjóðir og einstaklinga frelsi sínu. Á þeirri tíð var staðan hins vegar sú að um það ríkti breið samstaða frá hægri til vinstri í íslenskum stjórnámálum að hagsmunir landsins yrðu best varðir og sóttir með því að halda fast í hlutleysið.

Ísland vildi ekki gera upp á milli þeirra afla sem tókust á í álfunni. Það studdi ekki málstað undirokunar og kúgunar en taldi hagsmunum sínum best borgið með því að geta haldið áfram að selja fisk í allar áttir án þess að taka afstöðu til átaka um þær hugsjónir sem sannarlega höfðu skapað nýjan íslenskan veruleika, frelsi og framfarir.

Það þótti andstætt hugmyndum þess tíma um gæslu íslenskra hagsmuna að semja um vernd við það land sem stóð hugsjón okkar næst. Ísland var vissulega hernumið eins og Danmörk. En hernám

Íslands átti þó ekkert skylt við hernám Danmerkur. Því má fremur líkja við móðurlega umhyggju og leiðsögn.

Ári síðar gleymdum við hlutleysinu og sömdum við Bandaríkin um varnir landsins í þessum mikla hildarleik. Á einu ári hafði bitur reynsla kennt okkur að virk samstaða með öðrum þjóðum sem byggðu á sömu hugsjón lýðfrelsis og viðskiptafrelsis var skynsamlegri leið til varðstöðu um íslenska hagsmuni.

Sumir málsmetandi Íslendingar töldu að vísu að með þessu móti hefði Ísland fórnað fullveldi sínu. En hræddur er ég um að erfitt yrði að sannfæra Dani um að í því falli hafi nokkur haft lög að mæla.

Kannski höfum við aldrei gert sögulega upp þessa miklu togstreitu milli fiskisölu og hugsjóna, milli hugtaka og veruleika, sem óf örlagaþræði Íslands eins og annarra þjóða þessa vordaga fyrir sjötíu og fimm árum.

Vel má vera að það sé enn að þvælast fyrir okkur í umræðum um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna að við höfum ekki endurmetið fyrstu viðbrögðin þegar okkar eigin þjóðhöfðingi var settur til hliðar með valdi vopnanna. Um stjórnskipuleg atriði voru þá gerðar markvissar og fumláusar ráðstafanir. En hitt er mikið álitamál hvort viðbrögðin voru nægjanlega skýr gagnvart þeim hugsjónum sem tekist var á um.

Misbeiting þjóðernis og trúar

Aðeins fáum vikum áður en Danir minntust hernámsins var Kaupmannahöfn í lögregluhöndum vegna hryðjuverka. Þar var trúarhugmyndum misbeitt til að réttlæta morð í þeim tilgangi að kefla tjáningarfrelsið og ógna trúarbragðafrelsinu.

Þessir tveir nýliðnu atburðir hér í þessari ljúfu borg, þar sem málefnum okkar var áður ráðið til lykta, minna alla rækilega á að fjármálaþrengingar síðustu ára hafa endurvakið hugmyndir sem reynslan og sagan kennir að áður hafa sundrað álfunni og tafið efnahagslega endurreisn.

Er þá þjóðrækni hættuleg? Er trúarsannfæring varasöm?

Nær sanni væri að segja að hafi menn ást á landi sínu og umhverfi geti það reynst aflvaki framfara. Og sönn trú verið jarðvegur friðsamlegrar sambúðar einstaklinga og þjóða. Það er misbeitingin sem er varasöm og þegar verst lætur hættusöm.

En því er ástæða til að draga athyglina að þessu hér að í Evrópu ber nú meir á því illgresi sem misbeiting þjóðernishyggju og trúarsannfæringar er.

Misbeitingin er sannarlega ekki á því stigi sem leiddi til þeirra atburða sem menn minntust hér fyrir tveimur vikum. En hún felst nú sem fyrr í því að misnota í misríkum mæli þá samkennd sem ást á einu landi og trú á einn guð gefur til að komast hjá þeirri rökræðu sem er forsenda lýðræðisins.

Viðmælendur eru þá gerðir að óvildarmönnum. Og þeir sem tala fyrir andstæðum hagsmunum eru gerðir að féndum. Vörnin er að reisa múra milli þjóðfélagshópa og þjóðríkja. Þeir sem efast þykja svo ekki vera sannir borgarar síns heima. Þegar öfgarnar verða mestar sýnir þetta andhverfuna á frelsishugsjónum nítjándu aldarinnar.

Öflugir þjóðfélagshópar og völdug ríki geta styrkt stöðu sína um tíma með ráðum sem þessum, en aldrei til lengdar. Veikir þjóðfélagshópar og smá ríki verjast alltaf í vök þegar aðstæður þróast með þessum hætti í einstökum löndum eða heilum álfum.

Það var þetta sem brautryðjendur lýðræðis, mannréttinda og viðskiptafrelsis sáu. Og það var sú sýn sem var innihaldið í sjálfstæðiskröfum Íslendinga og bestu menn landsins gerðu að veruleika.

Standa einhver rök til þess að snúa af þeirri braut? Reynslan hefur kennt okkur að því er einmitt öfugt farið. Þá hefur okkur og öðrum miðað lengst fram þegar samstarfið og samvinnan var mest og hindranir sem minnstar.

En skrefin áftur á bak hafa verið stigin þegar við, og reyndar aðrar þjóðir einnig, höfum reynt að stífla þá framrás. Og þörfin að binda hagsmuni saman er aldrei meiri en þegar á móti blæs hjá okkur og öðrum.

Brautryðjendahlutverk Norðurlanda

Í þessu samhengi gleymum við oft og tíðum gildi norrænar samstarfshugsjónar, sem er jafn gömul okkar eigin sjálfstæðisbaráttu. Í raun og sannleika reyndist norrænt samstarf um margt fyrirmynd að öðru og umfangsmeira samstarfi í Evrópu.

Fyrir ríflega hundrað árum höfðu Norðurlönd með sér myntbandalag. Óhætt er að staðhæfa að tilvera norræna myntbandalagsins hafi verið ein helsta forsendan fyrir því að fjárhagsleg skilyrði sköpuðust fyrir atvinnubyltingunni í sjávarútvegi á Íslandi í byrjun síðustu aldar.

Sambandslögin mæltu fyrir um áframhaldandi aðild Íslands að norræna myntbandalaginu eftir að fullveldið var fengið. Svo fór þó að það stóðst ekki afleiðingar fyrri heimsstyrjaldarinnar. En sú sameiginlega mynt sem við þekkjum í Evrópu í dag á sér því norræna fyrirmynd.

Í áratugi unnu Norðurlönd að samræmingu löggjafar á ýmsum sviðum. Þetta var til mikils gagns fyrir allar þjóðirnar en sýnu mest fyrir Ísland. Evrópusambandið hefur í raun tekið við þessu hlutverki lagasamræmingar. En það hefur mótað skilvirkara fyrirkomulag um töku ákvarðana og fært samræminguna inn á svið sem snerta lífskjör alls almennings með beinni hætti.

Þá stofnuðu Norðurlönd til vegabréfasambands og ruddu burtu allri vegabréfaskoðun löngu á undan öðrum Evrópuþjóðum. Ísland hikaði að vísu í byrjun vegna efa um fullveldið. Nú hefur Evrópusambandið tekið við þessu hlutverki.

Nýjar aðstæður kölluðu á víðtækari samvinnu

Draumurinn um norræna samvinnu er ekki horfinn. En við stöndum andspænis nýjum veruleika sem kallað hefur á öflugra og víðtækara samstarf en Norðurlönd valda ein og sér. Hagsmunir þeirra allra kölluðu því snemma á þátttöku og aðild að víðtækari alþjóðasamvinnu.

Eftir síðari heimsstyrjöldina var ljóst að ekkert minna en bandalag Evrópu og Norður-Ameríku þurfti til að slá skjaldborg um lýðræði og frelsi á Vesturlöndum. Við vorum með frá byrjun þrátt fyrir staðhæfingar sumra að með því væri fullveldinu fórnað.

Tvær Norðurlandþjóðanna, Svíar og Finnar, skáru sig úr. Þær hafa enn ekki stigið það skref að bindast þessum samtökum. Eigi að síður hafa þær þó smám saman færst nær með margvíslegri samvinnu.

Norðurlöndin urðu svo öll samstiga í evrópsku viðskiptasamstarfi með aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Ísland hikaði þó í byrjun; fullveldið vafðist fyrir ýmsum. Nú hafa þrjú landanna gengið skrefi frammar með fullri aðild að Evrópusambandinu.

Norðmenn og Íslendingar skera sig hins vegar úr með því að takmarka þátttöku sína við innri markaðinn og Schengen og kjósa að hafa ekki áhrif á þessum vettvangi.

Danir eru einir Norðurlanda fullir þátttakendur í hvoru tveggja varnar- og efnahagssamstarfi Evrópuþjóðanna.

Þegar spurt er hvort hyggilegt sé að efla norræna samvinnu er vissulega í mörg horn að líta. Ástæða er til að hafa þrennt í huga í því sambandi eins og sakir standa:

Í fyrsta lagi er rétt að horfa á þann árangur sem norrænt samstarf hefur skilað bæði inn á við og í víðara samhengi með öðrum þjóðum. Hann gefur sannarlega tilefni til að halda áfram og ganga feti framar.

Í öðru lagi er uppgangur þjóðernispopúlisma á öllum Norðurlöndunum og víðar í Evrópu ástæða til að skerpa þá rótgrónu frelsishugsjón sem samstarfið byggir á. Það verður því aðeins gert að haldið verði áfram að ryðja í burtu hindrunum í viðskiptum og samskiptum af hverju lagi sem er.

Í þriðja lagi fer spenna vaxandi í samskiptum Rússa og annarra Evrópuþjóða. Hún snýst um lýðfrelsi, mannréttindi og virðingu fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða. Þessi umskipti getur engin ábyrg lýðræðisþjóð leitt hjá sér.

Norðurlönd gætu samræmt stöðu sína í Evrópusamvinnunni

Er við þessar aðstæður rétt að leita langt yfir skammt að nýjum bandamönnum? Er ástæða til að láta leika vafa um hvar Ísland stendur? Eigum við að aka seglum eftir vindi og vinna með þessum í dag og hinum á morgun eins og flautapýrlar?

Svarið getur aðeins verið eitt standi vilji okkar Íslendinga og ætlun til þess að vera trúir þeim hugsjónum sem færðu okkur frelsið: Við þurfum að sýna meiri staðfestu en áður og vera tilbúnir að ganga lengra fram á veginn með bandalagsþjóðum okkar hvort heldur vélað er um varnir og öryggi eða efnahag og viðskipti.

Í raun eiga öll Norðurlönd einn málstað og sameiginlega hagsmuni að verja að þessu leyti. Spurningin er: Hvernig geta þau þétt raðirnar, dýpkað grundvöll samvinnunnar og stigið ný skref fram á við?

Nærtækast er að þjóðirnar samræmi stöðu sína bæði að því er varðar vanir og viðskipti. Það myndi þýða að Svíar og Finnar þyrftu að endurmeta stöðu sína gagnvart aðild að Atlantshafsbandalaginu. Á sama veg yrðu Íslendingar og Norðmenn að skoða vegferðina frá takmarkaðri þátttöku að fullri aðild að Evrópusambandinu.

Satt best að segja verður ekki séð að Norðurlönd geti með öðru raunhæfu og virku móti þróað áfram það samstarf sem verið hefur jafn heilladrjúgt sem raun ber vitni. Auðvitað geta menn sagt sem svo að nóg sé komið. En hitt er líklegra til framfara að halda áfram og mæta nýjum áskorunum og síbreytilegum viðfangsefnum sem kalla á aukna samvinnu.

Öll óregla og ógæfa bæði manna og þjóða

Það varð okkar auðna að hugsjónir Jóns Sigurðssonar urðu að veruleika. En velmegun okkar er því að þakka að tíminn hefur ekki staðið í stað, klukkan stoppaði ekki þar sem hans naut ekki lengur við.

Þó að hugsjónirnar séu þær sömu breytast leiðirnar til að ná efnahagslegum framförum með frjálsum viðskiptum jafnt og þétt. Ef við hefðum numið staðar þar sem Jón Sigurðsson sleppti hendinni með afnámi danskrar einokunar væri öðruvísi umhorfs á Íslandi. Þá hefðum við einfaldlega ekki skilið hugsjónabaráttu hans.

Þeir sem á undan okkur fóru sögðu réttilega að sjálfstæðisbaráttan væri ævarandi. Við efnum ekki það fyrirheit ef við drögumst aftur úr þeim þjóðum sem við höfum svo lengi átt samleið með. Með

öðrum orðum: Ef við grípum ekki ný tækifæri til að ryðja úr vegi hverjum þeim þrándi í Götu viðskipta og samskipta sem við mætum.

Gleymum heldur ekki hinu að frelsið, mannréttindin og efnalegu framfarirnar eru háðar því að friður haldist. Friðurinn er hins vegar ekki tryggður með vopnabandalagi einu saman. Bandalag um fordómaleysi, frjáls viðskipti og efnahagssamvinnu ræður kannski enn meir um það efni þegar til lengdar lætur.

Þau miklu réttindi sem við höfum sem sjálfstæð og fullvalda þjóð leggja líka á okkar herðar þá skyldu að vinna fólkskvalaust með öðrum að sameiginlegum markmiðum. Þannig gætum við best eigin hagsmuna.

Sá sem hér í þessu húsi bjó vöggu frelsis og framfara á Íslandi orðaði þessa hugsun á einfaldan og skýran hátt þegar hann sagði:

„Það er því miður, og hefir lengstan aldur verið heimskuleg meining manna að einum mætti standa á sama hvernig öðrum liði ... Öll óregla og ógæfa bæði manna og þjóða er komin af því að menn hafa ekki gætt nema að sjálfum sér og einmitt með því gætt allra síst að sjálfum sér.“